

vitalaus og sókn í því og vörn við yfirdóminn lög-
mæt.

Þvi dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað, þó svo að sektin sé 50 kr. Kærði Jóhann Friðriksson greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Eggerts Claessen, 15 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 13. október 1919.

Nr. 52/1919:

Valdstjórnin
gegn
Sighvati Jónssyni.

D ó m u r :

Með lögregluþingsdómi Reykjavíkur, uppkveðnum 10. júlí þ. á., var Sighvatur Jónsson, til heimilis Vatnsstíg 10 hér í bænum, dæmdur í 75 kr. sekt til bæjar-sjóðs Reykjavíkur og málskostnað allan fyrir brot á lögreglusamþykkt kaupstaðarins, og er þessum dómi, að ósk kærða, skotið til yfirdómsins.

Kærða er gefið það að sök, að hann hafi verið drukkin á almannafæri hér í bænum 4 sinnum, þrisvar í maí-mánuði og einu sinni í júní-mánuði þ. á., og þannig orðið brotlegur gegn 8. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur, staðfestar 19. apríl þ. á., en það er í þessari grein talin hneykslanleg hegðun að sjást drukkin á almannafæri, og lögð við sekt eigi lægri en 50 kr.

Kærði kannast við að hafa sést drukkin á götum bæjarins umgetin 4 skipti, og kemst hann þá eigi hjá að sæta sekt samkvæmt nefndu samþykktarákvæði og þykir hæfilegt að ákveða sektina 60 kr. Að öðru leyti samþykkist hinn áfrýjaði dómur og má því staðfesta hann með þessari breytingu á sektarupphæðinni.

Kærði verður og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn 15 kr. til hvors.

Meðferð málsins í lögregluréttinum hefir verið vítalaus og sókn í því og vörn við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað, þó svo að sektin ákveðst 60 kr. Kærði Sighvatur Jónsson greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna

Jóns Ásbjörnssonar og Eggerts Claessen, 15 kr.
til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 20. október 1919.

Nr. 54/1919:

Guðmundur Ólafsson f. h.
Stefáns Magnússonar
gegn
Guðmundi Eggerz.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði áfrýjandinn Guðmundur yfirdómsmálaflutningsmaður Ólafsson fyrir hönd Stefáns Magússonar á Eskifirði fyrir gestarétti Reykjavíkur gegn stefnda Guðmundi sýslmanni Eggerz út af skulda-kröfu að upphæð 420 kr. 98 aur., og lauk málinu svo með dómi gestaréttarins, uppkveðnum 18. des. f. á., að stefndi var dæmdur til að greiða áfrýjanda áminsta upphæð kr. 420.98 með vöxtum 5% p. a. frá 27. júní f. á. til greiðsludags og 75 kr. í málskostnað. Þessum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 15. septbr. þ.á., og gjört þær réttarkröfur fyrir yfirdóminum, að dómurinn verði staðfestur og stefndi dæmdur til að greiða áfrýjanda málskostnað eftir mati réttarins. Stefndi hefir eigi mætt eða látið mæta fyrir dómi, þótt löglega